



Til bæjarráðs

Kópavogi, 26. ágúst 2024
2407218/105.05 ABS

Varðar: Erindi frá sunddeild Breiðabliks varðandi viðhald í Salalaug og áhrif þess á sunddeild Breiðabliks

Á fundi Bæjarráðs Kópavogs 4. Júlí 2024 var lagt fyrir erindi sunddeildar Breiðabliks varðandi áhrif viðhalds í Salalaug á fjárhag sunddeildar Breiðabliks og ósk um styrk til deildarinnar vegna fjárhagslegs tjóns sem deildin telur sig hafa orðið fyrir vegna framkvæmdanna. Erindinu var vísað til umsagnar sviðsstjóra umhverfissviðs og menntasviðs.

Síðastliðinn vetur kom í ljós við skoðun að ástand á upphengikerfi fyrir eikarloftið yfir innilaug Salalaugar var ótryggt. Sýnileg tæring var komin í festingar og því talin hætta á hruni loftaklæðningarinnar með tilheyrandi hættu á líkamstjóni yrði fólk undir.

Ljóst var að bregðast þyrfti tafarlaust við til að gæta öryggis sundlaugargesta. Sundlauginni var lokað í byrjun janúar og framkvæmdir stóðu yfir til loka apríl. Ástæður þess hve framkvæmdir tóku langan tíma eru fyrst og fremst þær að stál sem viðurkennt er til nota í upphengjur í klórmenguðu lofti er sérpöntunarvara hjá birgjum í Evrópu og þurftu íslenskir birgjar að hafa nokkuð fyrir að finna rétt efni. Einnig var mjög tafsamt að taka niður einingarnar án skemmda þannig að hægt yrði að setja þær upp aftur, en aðeins var unnt að hafa einn flokk manna að störfum í einu við niðurtektina. Jafnframt var farið í ýmsar aðrar aðgerðir þegar tækifærið gafst til þess, þ.e. slípa upp rimlana í eikarloftinu og bera á, skipta út hljóðísogsplötum í lofti, endurnýja upphengjur fyrir regnvatnsrör í lofti, lagfæra flísalögn í laugarkeri og fleiri smærri atriði.

Sunddeild Breiðabliks hefur aðstöðu Sundlauga Kópavogs til afnota endurgjaldslaust. Reiknuð afnot sunddeildar á árinu 2023 eru 10,9 mkr., styrkt af Kópavogsbæ. Ljóst var að framkvæmdirnar myndu hafa talsvert rask í för með sér fyrir iðkendur sunddeildar auk stafsfolk og gesti sundlaugarinnar. Einnig þurfti skólasamfélagið að aðlagja sig aðstæðum til að geta uppfyllt skyldur um skólasund. Það var hinsvegar óhjákvæmilegt að fara í framkvæmdir strax til að gæta öryggis.

Kópavogsbær er stöðugt að sinna framkvæmdum vegna viðhalds í öllum sínum mannvirkjum. Bærinn leitast við að skipuleggja viðhald í mannvirkjum sínum í samráði við viðkomandi íþróttafélög og ákvarða tímasetningar með tilliti til þess að framkvæmdir hafi sem minnst áhrif á íþróttastarfið og rekstur félaganna. Öllu jöfnu hefðu umræddar framkvæmdir farið fram yfir sumartíma, og með meiri fyrirvara þannig að sunddeildin og laugin gæti undirbúið lokun betur. Í sumum tilvikum, eins og því sem hér um ræður, reynast aðstæður og ástand mannvirkja hinsvegar vera þess eðlis að hefja þarf framkvæmdir án fyrirvara enda um að ræða öryggi iðkenda sunddeildar, starfsfólks og almennra sundlaugargesta.



Kópavogsbær verður að geta sinnt viðhaldi mannvirkja sinna án þess að þurfa að greiða bætur eða styrki til íþróttafélaga og annarra sem nýta aðstöðuna á þeim forsendum að framkvæmdir hafi áhrif á fjárhag félagsins. Með svipuðum rökum mætti halda því fram að verktakar sem sinna námskeiðshaldi í laugunum ættu rétt á bótum vegna framkvæmda. Það væri því afar fordæmisgefandi ef bærinn færi að greiða styrki til aðila vegna áhrifa viðhalds á eigin mannvirkjum.

Virðingarfyllst,

Ásthildur Helgadóttir
Sviðsstjóri umhverfissviðs

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs